

Nr. 4/1912:

Páll Einarsson

gegn

Lárusi H. Bjarnason.

## D ó m u r:

Mál þetta höfðaði áfrýjandinn Páll Einarsson, borgarstjóri í Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn stefnda, Lárusi H. Bjarnason prófessor, fyrir grein með fyrisögninni: »Ísafold, borgarstjóri og sannleikurinn«, í blaðinu Lögréttu, er út kom 19. júlí f. á., en nafn stefnda stendur undir grein þessari. Var málið dæmt í nefndum rétti hinn 11. jan. þ. á. þannig, að stefndi var samkvæmt 219. gr. alm. hegningarlaga dæmdur í 40 kr. sekt til landssjóðs, eða til vara 6 daga einfalt fangelsi og ýms þeirra ummæla í téðri grein, sem sérstaklega voru átalín, voru dæmd dauð og ómerk. Svo var og stefndi dæmdur til að greiða stefnda í málskostnað 20 kr.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu 3. febrúar þ. á. og hefir hann krafist þess, að dóminum verði breytt þannig, að stefndi verði dæmdur í þá hegningu, sem lög frekast leyfa og að hin umstefnda grein í heild sinni, eða þau orð og ummæli hennar, sem sérstaklega voru átalín fyrir undirrétti, verði dæmd dauð og ómerk. Ennfremur hefir hann krafist málskostnaðar fyrir yfirdómi. Stefndi, sem hefir gagnáfrýjað málinu með stefnu, dags. 5. s. m. hefir aftur á móti krafist þess, að hann verði algjörlega sýknaður af öllum kærnum og kröfum stefnanda í málinu og sér dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum.

Ummæli þau í fyrgreindri grein, sem átalín eru sérstaklega af áfrýjanda sem ærumeiðandi fyrir hann, eru

þessi: »Eg gríp sára-sjaldan til svipunnar, þó að rakki beri gin og rófu hátt og gjammi nokkuð glannalega að mér. Og aldrei til annars en skemta mér við breytinguna, sem á skepnunni verður. Glannagjammið verður að auðvirðilegu útburðarvæli og haus og rófa dregst með jörðu«, . . . »að maður stendur að baki ritstjóranum, sem þótt einsýnn sé, ætti þó að sjá sóma sinn,« . . . »Eg átaldi þetta gjörræði, en í stað þess að láta sér segjast, frestaði maðurinn, sem er þárrí en nokkur önnur skepna sem eg þekki« . . . »Maður skyldi nú ætla, að nokkurn veginn vitborinn maður hefði látið sér nægja þetta svar bæjarstjórnarinnar, en Páll Einarsson var ekki af baki dottinn,« . . . »Með þessari fundaryfirlýsingu var P. E. lýstur ósannindamaður að óhróðurssögu um einn af bæjarfulltrúunum,« . . . og hafði maðurinn þó hvorki kallað hann »Lammedriver« né klipíð hann í handlegginn« . . . Í fundarhléinu . . . vitti eg P. E., sem var að ráfa um gólfíð í öngum sínum út af yfirlýsingu bæjarstjórnarinnar, fyrir uppspuna hans um »fundarspjöllin«. P. E. rausaði eitthvað út af því, en eg gleymdi því fljótt sem ótal öðrum meinlokum hans,« . . . »eg hélt að kunninginn væri að gera gys að lagakunnáttu P. E., sem bæði eg og aðrir hafa rekist á, að er næsta lítil,« . . . enda ótrúlegt, jafnvel um P. E., að hann gæti skilið greinina svo, úr því að hann fann hana, að hún ætti við hér,« »En vitið þá ekki nægilegt til að sjá, að hann hjó ekki fjarri 228. gr. hegningarl., sem leggja fangelsi eða sektir eða betrunarhúsvinnu alt að einu ári við »bersýnilega röngum kærnum«. »Sú grein liggur ekki fjær P. E. en 102. gr. mér,« »Og vildi eg nú að síðustu gefa P. E. það góða ráð, aftur á Nesið vikja,« »því að þó að ekki

kunni þar nú að vera »svo mikill maturinn«, sem áður fyr, þá eru þó áreiðanlega betri bithagar í Garðasókn fyrir virðingasjúkan mann og getultinn heldur en í Reykjavík. Hér »inponerar« hann mönnum ekki.

Tílefni hinnar umstefndu greinar var það, að á bæjarstjórnarfundi í Reykjavík hinn 15. júní f. á. lagði aðaláfrýjandi til, að eitt af málum þeim, sem þá voru á dagskrá, skyldi rætt fyrir lokuðum dyrum, en samkvæmt fundarsköpum bæjarstjórnarinnar skal skorið úr því með atkvæðafjölda umræðulaust, hvort mál skuli rætt fyrir opnum dyrum eða lokuðum. Í samræmi við þetta bar aðaláfrýjandi nefnda tillögu sína undir atkvæði og greiddu 1 eða 2 bæjarfulltrúar atkvæði með henni og skoðaði aðaláfrýjandi hana þá samþykta án þess að leita mótatkvæða. Lagði hann þá fyrir dyravörð, að láta áheyrendur fara út. En í þessum svifum krafðist gagnáfrýjandi, að mótatkvæða væri leitað um tillöguna, en fekk því eigi framgengt. Varð af þessu ókyrð á fundinum, og frestaði aðaláfrýjandi honum litlu síðar, að því er virðist vegna ókyrðar þessarar, því að tilgangslaust hefði verið að vísa áheyrendunum út, ef tilætlunin hefði eigi verið í fyrstu að útkljá það mál, sem atkvæðagreiðslan var um, áður en fundarhlé var gert. Aðaláfrýjandi leit nú svo á, að gagnáfrýjandi hefði, með kröfu sinni um mótatkvæði, gefið tílefni til umræddrar ókyrðar og með því valdið fundarspjöllum og verður að telja það sannað, að aðaláfrýjandi hafi verið þess valdandi, að blaðið Ísafold, flutti þá fregn 24. júní f. á., að gagnáfrýjandi hefði gjört fundarspjöll á umræddum fundi. Þessi frásögn var svo ítrekuð í því tölublaði sama blaðs, sem kom út hinn 8. júlí s. á. Gagnáfrýjandi leit aftur á móti svo á, að um

engin fundarspjöll hefði verið að ræða af sinni hendi á fundi þessum, og meiri hluti bæjarstjórnar hefir verið honum samdóma um þetta. Það er því ósannað, að gagnáfrýjandi hafi gert fundarspjöll á bæjarstjórnarfundi hinn 15. júní f. á. Með því að aðaláfrýjandi þannig hefir eigi fært sönnur á umrædda sögusögn sína, sem virðist eiga að teljast niðrandi fyrir gagnáfrýjanda, verður að líta svo á, að aðaláfrýjandi eigi sök á því, að gagnáfrýjanda þótti nauðsyn á, að hrinda sögusögn þessari, og ber því samkvæmt 221. gr. hinna alm. hegningarlaga að hafa tillit til þessa, ef álíta verður að hin umstefnda grein varði við lög, enda hefir gagnáfrýjandi til vara gjört þetta að kröfu sinni.

Að því er snertir fyrsta kaflann, sem átalinn er, í hinni umstefndu grein, orðin: «Eg gríp . . . dregst með jörðu», þá verður eigi gegn neitun gagnáfrýjanda talið sannað, að í þeim sé átt við aðaláfrýjanda, og geta þau því hvorki orðið ómerkt né gagnáfrýjandi dæmdur í hegningu fyrir þau. Hins vegar verða öll önnur framangreind sérstaklega átalin ummæli greinarinnar að teljast ýmist meiðandi eða niðrandi fyrir aðaláfrýjanda. Sérstaklega skal það tekið fram, að jafnvel þótt það gæti ekki talist rétt, að aðaláfrýjandi leitaði ekki mótaskvæða um, hvort mál skyldi rætt fyrir lokuðum dyrum á bæjarstjórnarfundi, þykir það eigi réttlæta nægilega fyrri hluta setningarinnar: »Eg átalði — eg fekk«, svo að jafnvel þótt aðaláfrýjandi hafi eigi tekist að sanna, að gagnáfrýjandi hafi gert fundarspjöll á téðum bæjarstjórnarfundi, verða orðin: »Með þessari fundaryfirlýsingu — einn af bæjarfulltrúunum« að teljast varða við lög. Ber því að ómerkja öll þau ummæli umstefndrar greinar, sem sam-

kvæmt framangreindu teljast meiðandi eða niðrandi fyrir aðaláfrýjanda og dæma gagnáfrýjanda í sekt fyrir þau samkvæmt 219. gr. nefndra laga. Þykir sektin, með tilvísun til 221. gr. sömu laga, hæfilega ákveðin í bæjarþingsdóminum 40 kr. og komi 6 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún ekki er greidd á réttum tíma. Eftir þessum úrslitum þykir málskostnaður fyrir yfirdómi eiga að falla niður, en málskostnaðarákvæði bæjarþingsdómsins skal standa óbreytt.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Lárus H. Bjarnason prófessor, greiði til landssjóðs 40 kr. eða sæti 6 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi greidd í tæka tíð. Framantalin meiðandi og óvirðandi ummæli um aðaláfrýjanda eiga að vera dauð og ómerk. Um málskostnað fyrir undirrétti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður, en málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 52/1911: Det danske Petroleum's Aktieselskab  
 gegn  
 Anton Bjarnasen

D ó m u r :

Í byrjun septembermánaðar f. á., fekk Anton Bjarnasen verzlunarstj. í Vestmanneyjum, sem stefndur er í þessu